



Hálkuvarnarsandur - forrannsókn á kornadreifingu aðsendra sýna. Pétur Pétursson. Vegagerðin – mars 2022.

Ágrip skýrsluhöfundar:

Þessi greinargerð er unnin vegna ábendingar sem barst til fagnefndar stoðdeildar Vegagerðarinnar um afgreiðslu ábendinga, þess efnis að núgildandi markalínur Efnisgæðaritsins fyrir hálkuvarnarsand væru ekki allskostar réttar. Þessi forrannsókn bendir hins vegar til að aðsend sýni af hálkuvarnarsandi hafi flest verið innan markalína, eða að mestu leyti innan þeirra. Þó eru vísbendingar um að rýmka megi aðeins markalínurnar til að útiloka ekki notkun algengra gerða sands til hálkuvarna. Það á við um til dæmis leyfilegt magn yfirstærða (> 6 mm). Þó benda niðurstöður til þess að í sumum tilfellum væri æskilegt að vinna sandinn meira, helst með því að harpa frá fínefni, þar sem þau eru yfir gildandi markalínum.